

Fyrsti fundur haldinn á Breiðabliki sunnudaginn 27. janúar 2019 kl. 21:00

Egbert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Gestastofa Snæfellsnes að Breiðabliki. Farið yfir hvernig best er að nýta styrkinn sem fékkst frá Byggðastofnun til uppbyggingar á Gestastofu. Samþykkt að fara í þau verkefni sem liggja fyrir í kostnaðaráætlun. Oddvita falið að ráða verktaka til að ganga í þessi verk.
2. Skipulags og byggingarmál í Eyja og Miklaholtshrepp. Ragnar hefur verið að vinna að yfirferð á skráningum eigna í sveitarfélaginu. Unnið áfram að því mikilvæga verkefni. Einnig er langt síðan haldin hefur verið fundur í skipulagsnefnd og mikilvægt að bætt verði úr því að mati hreppsnefndar. Oddvita falið að ræða það við Ragnar.
3. Tölvupóstur frá Skipulagsstofnun og varðar aðalskipulagið. Í tölvupóstinum tilkynnir Skipulagasstofnun að hún geti ekki lokið við yfirferð á breytingu á aðalskipulaginu innan tilskilins frests en að það verði gert eins fljótt og kostur er og eigi síðan en 8. febrúar.
4. Umsjónamaður fasteigna, farið yfir umsóknir. Farið yfir starfslýsingu umsjónarmanns og hún staðfest. Einn umsækjandi var um starfið og oddvita falið að gera ráðningarsamning við hann og leggja fyrir næsta fund. Laun miðast við samninga starfsgreinasambandsins og sveitarfélaga og skal miða við verkstjórna í áhaldahúsi launaflokk 135.
5. Erindi frá Klár ehf og varðar leigu á Laugargerðisskóla. Erindinu hafnað með 3 atkvæðum KG, GG og HJ en samþykkt frá EK og ASS. Halldór Jónsson bókar að hann telji húsnæðið ekki í ástandi til útleigu. Oddviti bókar að vissulega þurfi að vinna í viðhaldi Laugargerðisskóla en staðan fyrir sumarið sé hins vegar ekkert verri en undanfarin ár.
6. Umsögn vegna velferðarstefnu Vesturlands. Hreppsnefnd fagnar vinnu SSV við velferðastefnu Vesturlands og veitir jákvæða umsögn um hana.
7. Erindi frá Sigurbjörgu Ottesen og varðar fundargerðir hreppsnefndar og annara nefnda. Misjafnt er hversu fljótt fundargerðir koma inn á vef sveitarfélaga í landinu en hreppsnefnd lýsir yfir ánægju sinni ef íbúar vilja fylgjast með störfum í samfélaginu með því að lesa fundargerðir. Reynt verður að hraða því sem kostur er að fundargerðir fari inn á vef sveitarfélagsins eftir fundi hreppsnefndar.
8. Erindi frá Sigurbjörgu Ottesen þar sem farið er fram á að tekin verði upp umræða um að tekin verði upp tólmstundastyrkur til ungmenna 6 – 16 ára. Oddviti kannaði hvort sveitarfélög á Snæfellsnesi væru með tólmstundastyrk. Snæfellsbær er eina sveitarfélagið sem er með það. Eins og staðan er hjá okkur er engin starfsemi fyrir börn og unglunga í Íþróttafélagi Miklaholtshrepps enu að síður skilst okkur að lottó peningar séu að berast félaginu. Hreppsnefnd hvetur foreldra í samfélaginu til að endurvekja ÍM en mikil starfsemi var ávalt í því félagi. Ef það verður gert skapast grundvöllur fyrir hreppsnefnd til að styðja betur við íþrótt og æskulýðsmál en hún hefur gert undanfarin ár. Oddvita falið að svara erindinu og einnig senda tölvupóst á núverandi formann ÍM með áskorun um að starta aftur starfsemi í ÍM fyrir börn og unglunga.

9. Erindi frá Sigurbjörgu Ottesen þar sem farið er fram á að tekin verði upp umræða um að taka upp akstursstyrk vegna tómtunda barna og ungmenna, utan sveitarfélagsins. Vísað í bókun undir áttunda lið.
10. 866 fundargerð sambands íslenskra sveitarfélaga
11. Fundargerð 142 fundar stjórnar SSV
12. Fundargerð 141 fundar stjórnar SSV

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)